

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að stefnandi hafi brotið starfsskyldur sínar í svo verulegum atriðum, að heimilt hafi verið að víkja honum úr starfi án fyrirvara.

Ber því að sýkna stefnda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hendriks Rasmus, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 7. október 1970.

Nr. 178/1969. Samvinnubanki Íslands h/f

(Örn Þór hrl.)

gegn

Rúnari Hallgrímssyni

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Vixill. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm kvað upp Ólafur B. Arnason, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1969. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 9.000.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 13. júlí 1965 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Vörn stefnda er eingöngu á því byggð, að vixilkrafa áfrýj-

anda sé fallin niður fyrir fyrningu. Við þingfestingu málsins í héraði var sótt þing af hálfu stefnda, sem fékk frest til greinargerðar í tvær vikur. Þegar þingað var í málinu að þeim tíma liðnum, féll þingsókn stefnda niður. Var málið dómtekið í því þinghaldi.

Stefndi hafði þá málsástæðu ekki uppi í héraði, að víxilkrafan væri fallin niður fyrir fyrningu, en ex officio bar eigi að dæma um það efni, þar sem þing var í upphafi sótt af hans hálfu. Skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962 hefur eigi verið fullnægt, og kemur þessi málsástæða því eigi til álita í Hæstarétti. Samkvæmt þessu verða kröfur áfrýjanda teknar til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Rúnar Hallgrímsson, greiði áfrýjanda, Samvinnubanka Íslands h/f, kr. 9.000.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 13. júlí 1965 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júlí 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. júní s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 22. maí s.l., af Samvinnubanka Íslands h/f, Reykjavík, gegn Rúnari Hallgrímssyni, Vesturgötu 15, Keflavík, til greiðslu víxils að fjárhæð samtals krónur 9.000.00, útgefins 13. apríl 1965 af Erlingi R. E. Magnússyni og samþykkt af stefnda til greiðslu í Útvegsbanka Íslands hér í bæ 13. júlí 1965, en á víxli þessum, sem var afsagður vegna greiðslufalls 15. júlí 1965, er útgefandi ábekingur og einnig Halldór Halldórsson.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 9.000.00, með 1% dráttarvöxtum

fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 13. júlí 1965 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur látið sækja þing, en engum andmælum hreyft. Þingsókn féll síðan niður af hans hálfu. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Í stefnu segir stefnandi, að stefna vegna víxilskuldar þessarar hafi verið birt stefnda hinn 12. júlí 1968 og hafi verið ætlunin að þingfesta það mál hinn 12. september 1968. Vegna mistaka hafi málið eigi verið þingfest þann dag. Telur stefnandi fyrningu víxilsins hins vegar slitið með birtingu þeirrar stefnu og vitnar í því sambandi í 71. gr. laga nr. 93/1933. Í 5. mgr. þeirra laga segir hins vegar, að hafi fyrningu verið slitið, en lögsókn eigi til lykta leidd, þá hefjist nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er málið var síðast til meðferðar í rétti. En, eins og fram kemur í stefnu, þá var málið aldrei þingfest og þar af leiðandi aldrei til meðferðar í dómi. Hefur því fyrningu aldrei verið slitið samkvæmt þessari málsgrein þrátt fyrir stefnubirtinguna fyrri og nýr fyrningarfrestur aldrei hafizt. Þó að stefndi hafi látið sækja þing og ekki hreyft andmælum, verður ekki litið svo á, að hann hafi ekki viljað bera fyrninguna fyrir sig. Skal því stefndi vera sýkn af víxilkröfunni í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Ólafur B. Árnason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Rúnar Hallgrímsson, skal vera sýkn af víxilkröfunni í máli þessu.
